

# Samþykkt

104  
13. ágúst

## um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Sýslunefndin í Strandasýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909 gjört eftirfylgjandi samþykkt fyrir Bæjarhrepp.

### 1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er sá, að koma í veg fyrir hættu af fóðurskortri búpenings.

### 2. gr.

Forðabúrið er eign hreppsins og stendur undir umsjón hreppsnefndar. Kostnaðurinn við það greiðist úr sveitarsjóði og tekjur af því renna í sama sjóð, en þó hefir forðabúrið sérstakan reikning og skal hann ásamt skýrslu um það árlega sendur sýslunefnd með hreppsreikningnum.

### 3. gr.

Þá er þess er þörf lánað hreppsnefnd hreppsbúum korn úr forðabúrinu. Sá er slík lán fær greiðir um leið og hann fær heimild fyrir láninu 1 eyri fyrir hvert kornpund, er hann fær leyfi fyrir, og fær hann það gjald eigi endurgoldið þó hann taki eigi kornið.

### 4. gr.

Þá er auðséð er eitthvert vor, að eigi þarf meira að taka til kornsins í það sinn til skepnufóðurs en orðið er, má lána kornið til manneldis.

### 5. gr.

Kornlán öll úr búrinu skulu endurgreidd innan júlímánaðarloka með jafnmiklu korni og jafngóðu fluttu að búrinu. Séu kornlán eigi endurgoldin að fullu á réttum tíma, skal hreppsnefnd kaupa það, er á vantar, og láta flytja að búrinu, hvorttveggja á kostnað lántakanda. Skal það gjört svo snemma á hausti, að í vetrarbyrjun sé jafnan fyrir hendi í búrinu hinn ákveðni kornforði.

## 6. gr.

Sá er kornlán fær eftir 3. eða 4. gr. greiðir þeim, er forðabúrið varðveitir, um leið og hann tekur kornið 1 krónu fyrir 200 pd. eða minna og 20 auru fyrir hver 100 pund, sem fram yfir eru. Kornlán og endurgreiðsla korns skal standa á heilum hundruðum punda.

## 7. gr.

Komi það í ljós, að einhver hreppsþúa misbrúkar forðabúrið á þann hátt, að setja óvarlega á hey sín og þurfi því oftast en í eitt sinn á kornláni að halda til skepnufóðurs, án þess að mikil harðindi séu eða ófyrirsjáanleg atvik valdi, skal hreppsnefndin láta hann vita, að framvegis geti hann ekki vænst meira kornláns úr búrinu en honum ber að rétttri tiltölu við aðra hreppsþúa eftir fénaðarfjölda þeim, er hæfilegt hefði verið að setja á heyin, eftir staðháttum og sveitarvenju.

## 8. gr.

Korn það, sem ekki er lánað út að vorinu, skal endurnýjað að sumrinu eftir því sem þörf þykir.

## 9. gr.

Sýslunefnd Strandasýslu kýs árlega mann til að hafa eftirlit með því, að samþykkt þessi sé haldin.

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 20 kr., er renna til forðabúrsins.

Mál, sem rísa út af brotum þessum, skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt framangreindum lögum og öðlast gildi 1. september 1910.

Í stjórnarráði Íslands, 13. ágúst 1910.

**Björn Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*